

LV-2014-002



Landsvirkjun



Viðhald og uppsetning fokgirðinga á bökkum Háslóns

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2014-002

Dags: 6. janúar 2014

Fjöldi síðna: 7

Upplag:

Dreifing:

- Birt á vef LV
- Opin
- Takmörkuð til

Titill: Viðhald og uppsetning fokgirðinga á bökkum Háslóns

Höfundar/fyrirtæki: Sveinn Runólfsson, Reynir Þorsteinsson, Þorsteinn Guðjónsson

Verkefnisstjóri: Pétur Ingólfsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samstarfsaðili: Landgræðsla ríkisins

Útdráttur: Á árinu 2013 annaðist Landgræðsla ríkisins að beiðni Landsvirkjunar hönnun, viðhald og uppsetningu fokgirðinga á bökkum Háslóns í Kringilsárrana og norðan Kringilsár. Fokgirðingar norðan Kringilsár voru styrktar og settar voru upp lágar plastgirðingar og hefðbundnar trérimlagirðingar í Kringilsárrana.

Lykilorð: Fokgirðingar, Háslón, Kringilsárrani, Kringilsá.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Petur Ingolfsson".



LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2013/17

Blaðsíður: 8

Dagsetning: 28.10.2013

Heiti: Viðhald og uppsetning fokgirðinga á bökkum Háslóns

Höfundur: Reynir Þorsteinsson

Ljósmyndir: Þorsteinn Guðjónsson

Verkefnisstjóri: Sveinn Runólfsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samstarfsaðili:

Útdráttur: Á árinu 2013 annaðist Landgræðsla ríkisins að beiðni Landsvirkjunar hönnun, viðhald og uppsetningu fokgirðinga á bökkum Háslóns í Kringilsárrana og norðan Kringilsár. Fokgirðingar norðan Kringilsár voru styrktar og settar voru upp lágar plastgirðingar og hefðbundnar trérimlagirðingar í Kringilsárrana.

Efnisorð: Fokgirðingar, Háslón, Kringilsárrani, Kringilsá.

Undirskrift verkefnisstjóra

Efnisyfirlit


Inngangur.....	3
Lágar fokgirðingar.....	3
Viðhald fokgirðinga.....	5
Uppsetning fokgirðinga	6

Inngangur

Landgræðsla ríkisins og Landsvirkjun gerðu þann 5. janúar 2011 með sér rammasamning um verkkaup Landsvirkjunar á ráðgjafaþjónustu frá Landgræðslunni. Á árinu 2013 annaðist Landgræðslan ýmiss verkefni fyrir Landsvirkjun og þar á meðal hönnun, viðhald og uppsetningu fokgirðinga á bökkum Háslóns. Tveir starfsmenn Landgræðslunnar, Þorsteinn Guðjónsson og Tómas Tómasson önnuðust viðhald og uppsetningu fokgirðinganna sem fór fram dagana 8. – 12. júlí.

Lágar fokgirðingar

Landgræðslan hannaði lágar fokgirðingar til að setja upp í lægðum þar sem hætta er á áfoki úr lónstæði Háslóns inn á gróið land á Kringilsárrana. Í hönnunarforsendum var gert ráð fyrir að fokgirðingarnar væru 50 – 70 cm háar og að þær yrðu ekki áberandi í landslaginu. Þær þurftu að vera léttar og að auðvelt væri að setja þær upp með handafli því gert var ráð fyrir að þær yrðu notaðar þar sem tækjum yrði ekki komið við sökum friðlýsingartakmarkana. Í fokgirðingarnar var notað plastnet frá EXPO-NET í Danmörku en þeir hafa mikla reynslu á framleiðslu plastneta til að stöðva sand- og snjófok. Fyrir valinu var plastnet af gerðinni 16 með 40 x 40 mm möskvastærð. Netin voru fánæg í þremur mismunandi litum; svörtum, appelsínugulum og grænum lit og varð svartur litur fyrir valinu en hann var talinn minnst áberandi við þessar aðstæður.



Mynd 1. EXPO-NET plastnet, gerð 16

Ljósmynd: <http://www.expo-net.dk>

Netið er framleitt í 120 cm breiðum og 25 metra löngum rúllum. Hverri rúllu var skipt í tvennt og fengust með því móti tvær 60 cm breiðar rúllur. Notuð voru tveggja tommu galvaniseruð vatnsrör, þriggja metra löng, sem endastaurar. Endastaurarnir voru stagaðir með tvöföldum 4 mm galvaniseruðum stagvír og sem stagfesta var notaður 80 cm langur galvaniseraður girðingastaur. Í staura á milli endastaura var notað 16 mm kambstál, 110 cm langt. Kambstálsstaurarnir voru reknir 50 cm niður í jörðina og voru þeir settir sitt á hvað úr beinni línu á milli endastaura til að auka skjóláhrif girðingarinnar og til að strekkja á girðingunni.



Mynd 2. Fokgirðing úr plastneti -

Ljósmynd Þorsteinn Guðjónsson



Mynd 3. Fokgirðing úr plastneti

Ljósmynd Þorsteinn Guðjónsson

Viðhald fokgirðinga

Farið var með fokgirðingum beggja megin Kringilsár. Lítið sem ekkert þurfti að lagfæra girðingarnar í Kringilsárrananum en norðan Kringilsárinnar var töluvert viðhald. Þar hafði girðingin lagst á hliðina á kafla því staurarnir í henni höfðu ekki þolað álagið og bognað niður við jörð. Til að styrkja girðinguna voru tveggja tommu galvaniseruð vatnsrör rekin niður með tveggja metra millibili og fokgirðinganetin bundin við þau. Rörin voru höfð tveggja metra löng og það fóru fimmtíu og fjögur rör í girðingarnar.



Mynd 4. Fokgirðing styrkt með rorum

Ljósmynd Þorsteinn Guðjónsson

Uppsetning fokgirðinga

Settar voru upp fjórar lágar fokgirðingar úr plasti og tvær stuttar trérimlagirðingar í Kringilsárrana. Ein þessara lágu fokgirðinga var sett upp sunnan Hrauka þar sem sandur var farinn að berast úr lónstæði Háslóns inn á landið en hinar voru settar í skörð á milli eldri fokgirðinga nyrst í Kringilsárrana, sjá kort 1.



Mynd 5. Plastgirðing í skarði á milli eldri fokgirðinga

Ljósmynd Þorsteinn Guðjónsson



Mynd 6. Trérimlagirðing í skarði á milli eldri fokgirðinga

Ljósmynd Þorsteinn Guðjónsson



Kort 1. Fokgirðingar í Kringilsárrana og á bökkum Háslóns norðan Kringilsár



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

